

*Íþróttaráð Akureyrar – til upplýsinga & fróðleiks – rekstrarsamningar –
rekstyrktarsamningar & tímaúthlutunarstyrkir*

Til upplýsinga og fróðleiks

Rekstrarsamningar

Í ákveðnum tilfellum gerir Akureyrarbær rekstrarsamninga við íþróttafélög á Akureyri um rekstur og umsjón íþróttamannvirkja sem eru í eigu Akureyrarbæjar.

Samningur sem þessi felur m.a. í sér að Akureyrarbær greiðir íþróttafélaginu til að t.d. standa straum af launakostnaði starfsmanna íþróttamannvirkisins, stjórnunar- og bókhaldskostnaði, rafmags- og hitakostnað og hreinlætis- og ræstivörum.

Félög sem eru með rekstrarsamning við Akureyrarbæ eru: Hestamannfélagið Léttir, Golfklúbbur Akureyrar, Knattspyrnufélag Akureyrar, Íþróttafélagið Þór, Skautafélag Akureyrar.

Rekstrarstyrkursamningur

Akureyrarbær styrkir mörg aðildarfélög ÍBA m.a. til að aðstoða við innra starf félaganna, t.d. bókhaldskostnað félaganna. Þessir styrkir eru reiknaðir út frá iðkendafjölda félaga. Félag með rekstrarsamning er ekki með rekstrarstyrktarsamning.

Tímaúthlutunarstyrkur

Akureyrarbær styrkir aðildarfélög ÍBA með tímaúthlutun í íþróttamannvirkjum í eigu Akureyrarbæjar. Þannig ætti t.d. ekki að verða til kostnaður hjá iðkendum innan ÍBA vegna æfinga í íþróttamannvirkjum í eigu Akureyrarbæjar.

eöe-okt-2013